

# Skipulagslýsing

## Naustahvilft Skutulsfirði

### Útivistarsvæði og gönguleið.

### Aðalskipulag og deiliskipulag




22. mars 2017

### Aðalskipulag

Vinsæl gönguleið liggur frá Þjóðvegi og upp í Naustahvilft um Kirkjubólshlíð. Gönguleiðin hefur látið á sjá og er fólk farið að velja sér aðrar leiðir. Áhugi er á því hjá Ísafjarðarbæ að skipuleggja svæðið og byggja upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru svæðisins.

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er Naustahvilft og næsta nágrenni flokkað sem óbyggt svæði, sem er opið svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Lítið sem ekkert er fjallað um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins. Til stendur að breyta þessu, bæta við umfjöllun um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins og gera breytingu þar sem svæðinu yrði breytt í útivistarsvæði. Áformuð breyting á aðalskipulagi nær til sveitarfélagsuppráttar og greinargerðar aðalskipulagsins.




Mynd 1. Svæðið sem breytingin nær til á sveitarfélagsupprætti, sem er hluti af aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

## Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og samhliða breytingu á aðalskipulagi er áformað að gera nýtt deiliskipulag fyrir Naustahvilft. Eftirfarandi eru meginviðfangsefni deiliskipulagsins:

- Deiliskipuleggja Naustahvilft sem útivistarsvæði.
- Skilgreina aðkomu og upphafsstað fyrir gönguleið.
- Gönguleið upp í Naustahvilft og mögulegur áfangastaður þar.

Í dag er útskot við þjóðveginn sem nýtt er sem bílastæði og er upphafsstaður gönguleiðar í Naustahvilft. Rétt við bílastæðið er skilgreint efnistökusvæði skv. aðalskipulagi sem tengist áformum um gerð jarðgangna til Súðavíkur, sem eru sýnd á skipulagsupprætti. Efnistökusvæðið er ætlað til haugsetningar og á ekki að skerða áskýnd Naustahvilftar. Reiknað er með að efnistökusvæðið og veltenging við jarðgöng sé utan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd 2. Svæði þar sem unnið verður deiliskipulag fyrir Naustahvilft.

## Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Meginmarkmið tillögu að breytingu á aðalskipulagi og vinnu við tillögu að nýju deiliskipulagi er að bæta aðstæður fyrir gangandi, skilgreina útivistarsvæði og vinna að náttúruvernd. Með því að skilgreina gönguleiðir er hægt að vernda gróður fyrir átroðningi. Þeim fer fjölgandi sem fara um þetta fallega göngusvæði enda er það aðgengilegt og stutt frá þéttbýlinu Ísafirði.

## Umhverfi og staðhættir

Svæðið þar sem áformað er að breyta aðalskipulagi og gera deiliskipulag er í og við Naustahvilft. Frá þjóðveginum er nokkuð brött en gróin hlíð með lækjarsprænum upp í hvilftina, og þar er gestabók fyrir göngufólk, merkt 225 m. Gönguleiðin er vinsæl hjá íbúum og gestum og þaðan er afar gott útsýni. Hvilftin hefur myndast þegar jöklar síðustu ísaldar lágu yfir svæðinu og hefur myndast skálarjökull þar sem hvilftin er nú. Þegar jökullinn hvarf stóð hvilftin eftir og eru svona skálar oft nefnd skessusæti. Hægt er að ganga upp úr hvilftinni upp á topp fjallsins og eftir því, en gæta þarf að öryggis á þeirri gönguleið.

## **Helstu forsendur í gildandi aðalskipulagi og tengsl við aðrar áætlanir**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi verða unnar samhliða. Tillögurnar verða kynntar og auglýstar samhliða. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við markmið aðalskipulags Ísafjarðarbæjar um að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar, aðgengi að náttúru verði tryggt og útivist skuli vera í sátt við umhverfið.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er sýnd lega fyrirhugaðra Álftafjarðarganga, milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, sem áætlað er að opnast í grennd við Nausthvilft. Göngin eru ekki á samgönguáætlun 2015-2026 og því ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við þau í bráð. Haft verður samráð við Vegagerðina vegna inn- og útaksturs á bílastæði við áningarstað og vegna Álftafjarðargangna.

### **Skipulagsferlið**

Eftirfarandi eru drög að ferli verkefnisins í samræmi við gr. 4.2 og 5.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

#### **A. KYNNING LÝSINGAR**

Skipulagslýsing þessi er send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar í mars 2017. Umsagnarfrestur er 3 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan uppgöfins þess frests. Skipulags- og mannvirkjanefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, ISAVIA, Veðurstofnunni, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni til umsagnar. Lýsingin verður auglýst í svæðisbundnum fréttamiðli og á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.

#### **B. KYNNING TILLÖGU Á AÐALSKIPULAGSBREYTINGU OG DEILISKIPULAGI Á VINNSLUSTIGI**

Tillögur til kynningar verða auglýstar á vef sveitarfélagsins og með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að senda inn ábendingar, en ábendingum verður ekki svarað með formlegum hætti.

#### **C. AUGLÝSING TILLÖGU**

Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar og samþykkt í bæjarstjórn verða tillögur að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi auglýstar samhliða í Lögbirtingablaði, á vef sveitarfélagsins og með öðrum áberandi hætti. Auglýsingartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi auglýsingar.

#### **D. AFGREIÐSLA TILLÖGU**

Að afloknum athugasemdafresti eru tillögurnar teknar til umfjöllunar í skipulags- og mannvirkjanefnd og síðan bæjarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða bæjarstjórnar er auglýst.

Bæjarstjórn hefur 12 vikur til að afgreiða samþykktar tillögu að aðalskipulagsbreytingu að loknum auglýsingatíma, til Skipulagsstofnunar. Samþykktar deiliskipulags- og aðalskipulagstillögur eru sendar til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun staðfestir tillögur innan 4 vikna frá því að þær berst og birt er staðfesting í B-deild Stjórnartíðinda.